

---

# Nýtt kerfi

## Samanburður á réttindaávinnslu

Kynning – mars 2014

# Núverandi kerfi

---

- Iðgjöld eru greidd til sjóðsins
- Þau mynda bæði eignir og réttindi
- Eignirnar eru metnar á markaðsvirði og réttindin eru metin miðað við tryggingafræðilegar forsendur
- Eignir eru ávaxtaðar á markaði þar til þær koma til útgreiðslu
- Réttindi ávinnast miðað við fasta reiknireglu (réttindatöflu)
- Réttindataflan byggir á 3,5% raunvöxtum og lýðfræðilegum forsendum (lífslíkur, örorkulíkur o.s.frv.)
- Réttindin eru tryggð með eignum - enginn ábyrgðaraðili eða bakhjarl

# Vandamál í núverandi kerfi

---

- Réttindin fylgja ekki eignum
- Eignir skulu ávaxtaðar á markaði skv. lögum
- Markaðsverðbréf sveiflast í verði
- Reglulega koma öfgakennd tímabil með miklum hækkunum og lækkunum á eignaverði
- Verðmæti eigna mun því annað veifið víkja umtalsvert frá verðmætum réttinda
- Gildandi lög segja að ef frávik milli eigna og réttinda eru umfram tiltekin mörk á að jafna muninn (aukning eða skerðing réttinda)
- Aðlögun réttinda að eignum er því lögbundin

# Það sem **ekki** skapar vandamál í núverandi kerfi

---

- Þegar eignir hækka meira en réttindi verður til umfram eign
- Eignir umfram verðmæti lífeyrisréttinda skapa ekki vandamál – en þennan mun ber að jafna út með hækkun á réttindum
- Þegar það gerist er tilhneigingin er að hækka réttindi og taka út alla umfram eignina – núllstilla sjóðinn
- Hækkun gerist yfirleitt án þess að hún valdi miklum viðbrögðum

# Það sem skapar vandamál í núverandi kerfi

---

- Þegar eignir ná ekki að fylgja réttindum (hækka minna en réttindi) verður halli á sjóðnum.
- Verðmæti lífeyrisréttinda er þá meira en verðmæti eignar
- Til að jafna hallan þarf að lækka réttindi
- Lækkun réttinda skapar vandamál
- Tilhneigingin er að lækka minna en nemur lækkun eigna
- Sjóðurinn er ekki núllstilltur og vandamálið skilið eftir að hluta - oft tekur langan tíma að jafna neikvæða stöðu
- Þegar ekki er leiðrétt að fullu eru greiðandi sjóðfélagar eru að „niðurgreiða“ réttindi þeirra sem eiga í fyrir í sjóðnum

# Hvers vegna er lækkanir erfiðar?

---

- Lækkun er félagslega erfið – kallar á gagnrýni
- Lækkanir eru sjaldgæfar og sjóðfélaginn er því ekki vanur lækkunum
- Sjóðfélaginn upplifir að áunnin réttindi séu eign sem ekki verði frá honum tekin
- Ekki er skilningur á því að réttindin séu háð verðmæti eigna
- Ekki er skilningur á því að eignir sveiflast í verði og lækkanir á eignamörkuðum verða alltaf annað veifið
- Oft heyrst að lækkunin hljóti að stafa af mistökum – einhver hlýtur að hafa klúðrað hlutunum.
- Það hlýtur að hafa verið hægt að komast hjá lækkunum

# Lækkun sérstaklega erfið fyrir lífeyrisþega

---

- Lífeyrisþegar eru í annarri stöðu en aðrir sjóðfélagar
- Þeir eru farnir að lifa á lífeyrirnum og lækkanir hafa því bein áhrif á afkomu þeirra
- Samkvæmt lögum ber að greiða vertryggðan lífeyri
- Lífeyri þarf að hækka um verðbólgu og lækka síðan aftur þegar skerðingar eru.
- Þetta er afar óvinsælt

# Hvernig fer aðlögun eigna og réttinda fram?

---

- Mörkin eru +/- 10% á hverju ári eða +/- 5% yfir hvert 5 ára tímabil.
- Þetta þýðir af ef eignir eru 10% hærri en réttindi verður að hækka réttindi og ef eignir eru 10% lægri en réttindi verður að skerða réttindi
- Ef eignir eru 5% hærri en réttindi í 5 ár samfelld verður að hækka réttindi og á sama hátt ef eignir eru 5% lægri en réttindi í 5 ár samfelld verður að skerða réttindi.
- Lögin leggja það í hendur stjórnar og tryggingastærðfræðings að gera tillögu um framkvæmd
- Tillagan er síðan er afgreidd af ársfundi



# Hvernig er hægt að bregðast við vandamálinu?

---

- Lækkun ávöxtunarkröfu gerir vandamálið stærra – líkur á skerðingum aukast. Raunávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréfum á markaði hefur nú verið undir 3,5% í nokkur ár
- Ekki er hægt að ávaxta eignir í áhættuminnsta eignarflokki (ríkisskuldabréfum) þannig að þær standi undir réttindum

## Svör:

- Hægt er að taka meiri áhættu í eignasafninu í þeirri von að það leiði til aukinnar ávöxtunar
- Aukin áhættutaka leiðir ekki sjálfkrafa til aukinnar ávöxtunar þegar til lengri tíma er litið
- Hætta á að áföll hafi mikil áhrif, þannig að líkur á stærri skerðingum aukast
- **Breytingar á réttindaávinnslnni eru því bæði eðlilegri og auðveldari leið til að ná fram markmiðum um meiri jöfnuð milli eigna og réttinda**

# Hvernig er hægt að bregðast við vandamálinu?

---

- Fyrsta skrefið er að viðurkenna að réttindi, til lengri tíma litið, ræðst af ávöxtun eigna – ekki reiknireglu réttinda
- Annað skrefið er að breyta kerfinu þannig að réttindi breytist í samræmi við ávöxtun eigna á hverjum tíma - eignavísitölu
- Þetta þýðir auknar sveiflur í réttindamyndun
- Lífeyrisréttindi myndu sveiflast á sama hátt og eignir
- Mismunur á eignum og réttindum væri úr sögunni

# Hvað með lífeyrisþega?

---

- Tekjur lífeyrisþega frá mánuði til mánaðar myndu einnig sveiflast meira
- Hægt er að breyta því með því að láta lífeyrisþega breytast með öðrum hætti en réttindi
- Þetta má gera, annað hvort með reglu (verðtryggingu) eða með tengingu við áhættuminna eignasafn
- Minnka verulega líkur á að þeir fái skerðingar þegar áföll verða, en á sama hátt er litlar líkur á að þeir fái hækkanir í góðærum
- Krefst aðlögunar í eignastýringu (mismunandi söfn)

# Lausnin er í raun ekki mikil breyting

---

- Reynslan sýnir að þegar litið er til lengri tíma, þ.e. áratuga, þá verða c.a. 4-8 breytingar á réttindum (hækkanir og skerðingar)
- Réttindi eru þá aðlöguð að eignum
- Réttindin taka því mið af eignum til lengri tíma litið
- Er ekki rétt að viðurkenna það í verki og láta réttindin fylgja eignum í stað hækkana og skerðinga?
- Engar „millifærslur“ verða þá milli sjóðfélaga þar sem eignir og réttindi standast alltaf á

# Hvaða skorður setja lög og reglugerð okkur?

## „3,5%“ reglan og jöfnun eigna og skuldbindinga

---

- **4. gr. laga nr. 129/1997:** Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri.
- **6.gr. reglugerðar nr. 391/1998:** Réttindaávinnsla getur verið jöfn allan greiðslutímann eða háð aldri en skal að meðaltali vera 1,4% á ári miðað við 40 ára innborgunartíma.
- **1. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997:** Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda.
- **2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997:** Leiði tryggingafræðileg athugun [...] í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

# Hvaða skordur setja lög og reglugerð okkur?

## Ákvæði um verðtryggðan lífeyri

---

- **14. gr. laga nr. 129/1997:** Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur lífeyrir **skal verðtryggður** og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs. Nánar skal kveðið á um fjárhæð ellilífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans í samþykktum.

# Hvað segir þetta?

---

- Réttindaávinnsla miðast við að sjóðirnir nái 3,5% raunávöxtun
- Þessi réttindaávinnsla fæst þó eingöngu ef að raunávöxtunin verður 3,5%
- Verði ávöxtun önnur, þannig að munur myndast á eignum og skuldbindingum (verðmæti réttinda) þá skal jafna þann mun
- Megin reglan er að eignir og skuldbindingar skuli standast á
- Lögin banna ekki að slík „jöfnun“ fari fram reglulega t.d. með því að réttindi fylgi eignum
- Greiddur lífeyrir á að vera verðtryggður, en engar aðrar kröfur eru um verðtryggingu

# Í hvað fer iðgjaldið?


---

- Stapi er tryggingasjóður og allt iðgjaldið fer í tryggingar
- Við 20 ára aldur fer um 40% af iðgjaldinu í áfallatryggingar þ.e. tryggingar fyrir örorku- og makamissi. Þetta smálækkar þegar líður á starfsævina. Yfir starfsævina í heild fer 75% í eftirlaun
- Um 5% af iðgjaldinu til ellilífeyris fer í að tryggja ellilífeyri öryrkja (vegna framreiknings) - á móti því kemur 7% viðbót frá látnum sjóðfélögum
- Af þeim hluta iðgjaldsins sem fer í áfallatryggingar, fer 70% í örorkulífeyri, 25% í makalífeyri og 5% í barnalífeyri




# Kostnaður við lífeyristegundir

## Skipting iðgjalds eftir á mismunandi aldri




## Skipting iðgjalds á starfsævinni




# Iðgjöld í ellilífeyri

## Skipting iðgjalds vegna ellilífeyris





## Myndun ellilífeyrisréttinda



# Iðgjöld í áfallalífeyri

Skipting á tryggingar hluta iðgjalds eftir aldri



# Hver er munurinn á réttindaávinnslu í núverandi og nýju kerfi?

---

## Núverandi kerfi:

- Réttindi samkvæmt reiknireglu með aðlögun að eignum ef of mikill munur verður á verðmæti eigna og réttinda

## Nýtt kerfi:

- Réttindi á hverjum tíma eru miðuð við ávöxtun eigna. Aldrei er mismunur á eignum og skuldbindingum

# Hvað þýða breytingarnar?

---


- Búnar voru til 1.000 sviðsmyndir að handahófi af mögulegum útkomum (miðað við meðaltalsávöxtun upp á 3,5% og staðalfrávik 7%)
- Tvær myndir skoðaðar, sem gefa 3,5% ávöxtun
- Tvær myndir skoðaðar sem gefa annars vegar hærri og hins vegar lægri ávöxtun en 3,5%
- Skoðaður breytileiki í 100 seríum sem valdar voru að handahófi

# Hvað um eldri réttindi?


---

- Þessi breyting hefur ekki áhrif á eldri réttindi
- Réttindi munu ávinnast skv. nýrri eignavísitölu – þ.e. miðað við ávöxtun sjóðsins frá þeim tíma sem nýja kerfið tekur gildi
- Ávöxtun í framtíðinni mun þó alltaf hafa áhrif á eldri réttindi sama hvert réttindaávinnslukerfið er

# Þúsund sviðsmyndir



# Nokkrar mismunandi útkomur skoðaðar sérstaklega






# Niðurstaða við að skoða valdar seríur


---

- Seríurnar eru skoðaðar miðað við núverandi kerfi
- Réttindabreytingar verða nokkrum sinnum á 40 ára inngreiðslutíma, sem gera jöfnun eigna og skuldbindinga nauðsynlega
- Þær sýna að réttindin (bláu stöplarnir) fylgja eignum (ljósgrænu línunni) nokkuð vel. Mun minni fylgni er við reikniregluna (vínrauðu línuna)
- Ekki skiptir máli hvort ávöxtunin var 3,5% eða minni eða meiri. Fjöldi breytinga er svipaður
- Þetta bendir til að réttindaávinnsla sem fylgir eignavístölu verður lítið frábrugðin þeirri reglu sem nú er notið
- Sérstakar ákvarðanir um aukningar og skerðingar verða hins vegar úr sögunni


# Raunávöxtun lengst af yfir 3,5% - endar í 3,5%




# Rauávöxtun lengst af undir 3,5% - endar í 3,5%



# Raunávöxtun 4,5%



# Raunávöxtun 2,5%



# Fjöldi breytinga mv. núverandi kerfi

Taflan hér fyrir neðan sýnir niðurstöðu úr 100 seríum sem valdar voru af handahófi af þeim 1000 sem búnar voru til. Hún sýnir fjölda aukninga og skerðinga, fjölda neikvæðra ára, þ.e. þegar eignir eru lægri en verðmæti réttinda og hver meðal aukning og skerðing er. Annars vegar þegar leiðrétt er að fullu – þ.e. sjóðurinn núllstilltur – og hins vegar þegar leiðrétt er þannig að leyfður er 5% munur á eignum og skuldbindingum.

	Fjöldi breytinga	Fjöldi aukninga	Fjöldi skerðinga	Fjöldi ára undir núlli	Meðal aukning	Meðal skerðing
Full leiðrétting	9,1	4,6	4,5	16,5	14,6%	-13,4%
+/-5% leiðrétting	8,4	4,8	3,6	21	5,3%	-9,2%